

W.H. gegn Svíþjóð

Dómur frá 27. mars 2014

Mál nr. 49341/10

3. gr. bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á ómannlegri meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi er íranskur ríkisborgari fædd árið 1978 og aðhyllist mandínsk trúarbrögð. Hún er frískilin og býr maður hennar í Bandaríkjunum en hún bjó hins vegar með syni þeirra í Írak. Hún kom til Svíþjóðar 27. ágúst 2007 og óskaði eftir hæli 21. janúar 2008. Hælisúmsókn hennar byggðist á veikri stöðu Mandína í Írak og stöðu hennar sem einstæð, frískilin kona. Meðal annars vísaði hún til símtals þar sem hótad var að fjölskyldu hennar yrði bolað úr hverfinu ef hún myndi ekki giftast að nýju. Hún vísaði einnig til þess að hún nyti ekki stuðnings karlmanns í Írak og þar af leiðandi væri hún útsett fyrir árásum þar. Bróðir hennar óskaði eftir hæli á sama tíma og hún. Reglulega við meðferð málsins komu fram nýjar upplýsingar af hendi kæranda en sænsk yfirvöld töldu í öll skiptin, eftir að hafa farið yfir gögnin, að þau sönnuðu ekki að hún væri í sérstakri hættu. Áfrýjanir báru engan árangur og var henni synjað um dvalarleyfi

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að með því að vísa henni aftur til Írak bryti sænska ríkið gegn skyldum sínum skv. 3. gr. sáttmálans um að vernda einstaklinga gegn pyndingum, ómannlegri og vanvirðandi meðferð.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að ríki hafi ríkan rétt til að stjórna komu, búsetu og brottrekstri útlendinga innan síns yfirráðasvæðis en brottrekstur til tiltekinna landa í tilteknum kringumstæðum geti falið í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að ástandið í Írak eitt og sér feli ekki í sér brot á 3. gr. sáttmálans. Margt varðandi sögu kæranda væri misvísandi, m.a. hafi hún bæði haldið því fram að eiga enga ættingja í Írak og að ættingjar hennar hafi afneitað henni fyrir að taka saman við mann í Svíþjóð. Þetta ósamræmi gerði það að verkum að dómstóllinn taldi ekki unnt að fallast á að hún nyti ekki stuðnings fjölskyldu í Írak. Dómstóllinn féllst svo á að Mandínar, svipað og kristnir, væru viðkvæmur hópur í Írak og það gerði stöðu þeirra enn veikari hve samfélag þeirra væri fámennnt og hve dreifðir þeir væru.

Staða einhleypra kvenna í Írak ein og sér nái ekki þeim þröskuldi að brottrekstur til landsins feli í sér vanvirðandi meðferð í skilningi ákvæðisins, hins vegar verði að skoða aðstæður kæranda að teknu tilliti til þess að hún tilheyri einnig trúarlegum minnihlutahópi. Staðan í Írak sé á mörgum stöðum slík að það myndi ná lágmarksþröskuldi 3. gr. að senda hælisleitendur þangað. Það eigi þó ekki við um allt Írak. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að aðstæður í Kúrdistanhéraði í norðurhluta landsins væri samkvæmt skýrslum og gögnum nægilega öruggt til að senda mætti kæranda þangað. Var því ekki um brot á 3. gr. að ræða.

Á grundvelli 39. gr. sáttmálans sé sænska ríkinu þó óheimilt að vísa kæranda úr landi fyrr en dómur þessi verði endanlegur.